

**LÖÐ NÝS FANGELSIS Á HÓLMSHEIÐI**

Löð fangelsisins liggur austarlega í landi Reykjavíkur, í grunu dalverpi með títölulega flötum botni. Berggrunnur er grágrýti frá ísöld og ekki eru þekktar sprungur á svæðinu. Gröður er aðallega lyng og moss í læðum, en talstvert hefur verið gróðursett af stafafuru, lerkí og fleiri tegundum í aðliggjandi hæð. Svæðið liggur í um 100m hæð yfir sjávarmáli, er nokkuð vindasamt og því leggjum við til að ofngreind trjáreikt verði umtalstvert aukin til þess að skapa skjól og auka útivistargildi svæðisins.

**MEGININNTAK TILLÖGUNNAR**


Við hönnun fangelsisins er lögd megin áhersla á að hanna einfalda byggingu sem getur auðveldlega tekið breytingum í tímans rás. Afstaða til vistunar fanga hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og líklegt er að hún haldi áfram að breytast. Einnig er hér um mjög fíla vistmenn að ræða í samanburði við fangelsi í aðliggjandi löndum og miðað við þjónusturými fangelsisins. Í öllum meginatriðum hefur þó verið farið eður húsrýmisáætlun hvað varðar stærðir og fyrirkomulag. Megin hugmyndin er sú að þetta fangelsi verði nokkurs konar heimilislegt þorp. Þannig myndu hinir ýmsu hlutar byggingarinnar aðlagðast þjálfarstovum og tveggja ganga stílaðri Laugavegur og Hverfisgata og tengja mismunandi byggingahluta saman. Milli Laugavegs og Hverfisgatu er fjölbreytt aðstaða, bæði til líkamsræktar, viðtalsaðstaða sérfræðinga, varðstofa, verslun, bókasafn og náms- og vinnuástaða fanga, auk innigarda. Vistmenn eiga aðallega aðkomu að þessari aðstöðu frá Hverfisgötu en verðir og starfsfólk frá Laugavegi. Reynt að gera vistmönnum dvalartímann eins ánægjulegan og frekast er unnt og reynt að forðast að umhverfið hafi á sér hefðbundinn „stofnanableiti“. Form byggingarinnar er í grundvallaratriðum einfalt sem gerir það líka að verkum að auðvelt er að samnýta aðliggjandi rými og aðlaga bygginguna að breytingum þörfum og óskum. Við hönnun fangelsisins er því lögd áhersla á að auðvelt sé að breyta því og einastökum rýmum, t.d. þeim rýmum sem liggja milli Laugavegs og Hverfisgötu, stækka fangadælið og hugsanlega byggja aðra hæð ofan á þær. Opnberar byggingar sem ekki geta auðveldlega tekið breytingum hafa tilhneigingu til að ureldast mjög fljótt. Þótt byggingin sé einföld í formi hefur engu að síður verið lögd áhersla á að móta fjölbreytt umhverfi sem hvetur til jákvæðrar samveru og samskipta dvalargestu, bæði innan dyra og utan. Aukin tækni kemur aldrei í stað góðra mannlægra samskipta og meginmarkmiðið hlýtur að vera að vistmenn snúi afur til baka í þjóðfélagið, betri menn og reynslunni ríkari.

**EFNI OG TÆKNI**

Leitast hefur verið við að uppfylla viðmið fyrir sjálfbærar byggingar og löðir, bæði hvað varðar umhverfislega þætti, félagslega, efnahagslega og upplifunarlega. Útlitshönnun byggingarinnar endurspeglar einnig hugmyndaráði um vistvænt umhverfi. Áhersla er lögd á að takmarka viðhald byggingarinnar með einnivali og jafnframt lögd áhersla á notkun staðbundins byggingarefnis eins og kostur er með það að markmiði að framkvæmdin öll henti vel fyrir byggingarþnað á höfuðborgarsvæðinu sem þannig stuðlar einnig að vistvænni framkvæmd. Gert er ráð fyrir að aðal byggingarefni fangelsisins verði vistvæn steinsteypa (þróuð af Ólafi H. Wallevik), bæði steypst á staðnum og í forsteyptum samlokuneykingum í utvegjum. Steypir veggir verða meðhöndlaðir með KEIM-biosól mengunarlásum efnum. Gert er ráð fyrir torfpaki á lægri hlutum byggingarinnar bæði vegna vatnsbúskapar og eins vegna þess að horft er ofaná hana frá aðliggjandi hæðum, en á miðhluta er þakdúkur til sparnaðar og til þess að þjótta einseleini þakins. Þróflögler er notað í veggjum þar sem ekki er óskáð eður innst. Gler í gluggum er yfirleitt tvöfalt k-gler með hertu þryggisglasi þar sem meira meðir á. Útanvert við klefa vistmanna er gert ráð fyrir ristum úr dúfflökkubú, heigðanseruðu stáli sem koma í veg fyrir sjóntengsl og innvið milli klefa. Aðalíngangur er kleddur að utan með íslensku lerkí. Áhersla er lögd á vistvænar lausir í vali og notkun byggingarefna og að íngripur í náttúru svæðisins verði eins lítið og kostur er. Helstu lagnaleiðir liggja eður göngumum Hverfisgötu og Laugavegi og kvíslast þaðan inn í aðliggjandi deildir. Gert er ráð fyrir að hver klefi sé sérstakt brunahólf en auk þess myndar hver klefaeining (8 klefar) einnig brunahólf. Gangarnir, Hverfisgata og Laugavegur verða einnig sérstök brunahólf auk aðskilinna notainga í suðurhluta byggingarinnar. Gert er ráð fyrir vatnsúðakerfi í alni byggingunni og greiðri aðkomu slökkviliðs að aðkomuhlið. Gert er ráð fyrir niðurbhengdu löf með hjóðsögu í þeim rýmum sem vistmenn hafa ekki aðgang að, sem auðveldar m.a. aðgang að lögnum. Áhersla er lögd á að sameiginleg rými séu þjót, með góða tengingu við umhverfið. Gert er ráð fyrir gólfhlita í byggingunni þar sem það er unnt, bæði til þess að auka rými, auðvela þrif og draga úr slýsahættu. Náttúruleg loftfræsting verður þar sem því verður við komið. Velrænt útsög er úr lokuðum rýmum og eldunaraðstöðu og gert er ráð fyrir varmaskiptum til að draga úr hitunarkostnaði. Gólfefni verða aðallega línoleum gólfúður og flisar og epoxy í votrymum og þar sem meira mæðir á. Fjölbreytni í efnisnotkun áferðum og litum innanhúss undirstrikar deilingu byggingarinnar í ákveðna hluta meðfram „Laugavegi“ og „Hverfisgötu“ sem gefur byggingunni þjálfarbrag og minnir á þekktu byggð í Reykjavík. Lögd er áhersla á að innréttingar í klefum og rýmum vistmanna verði traustar, slísterk efni notað (Corian/Velstone) og ljósið litríkandi. Einnig er lögd áhersla á góða stjórnun á þessari byggingarframkvæmd enda hefur komið í ljós að hún vegur miklu þyngra en hugsanlega aukinn kostnaður við vandaða framkvæmd.

**LANDMÓTUN, ÚTIRÝMI**

Lögd er áhersla á einfaldan og viðhaldslíttan frágang löðar; að öllum lífrænum jarðvegi verði haldið til haga og hann nýtur við uppgæðslu ásamt öðru lífrænu efni. Annar tilfallandi jarðvegur verði notaður til skjólmyndunar og umhverfismótunar og til þess að fella bygginguna og útivistarsvæðin eðlilega að aðliggjandi landi og draga úr áhrifum hárra gróðinga. Mikil form útgáða myndar „kontrast“ við einfalt form byggingarinnar og verða þær aðlagðar aðliggjandi landi. Niverandi trjágröður á framkvæmdasvæðinu verður fluttur til á löð fangelsisins og myndar hluta af aframhaldandi trjáreikt á svæðinu. Eðlilegt er að vistmenn taki þátt í framkvæmdum og viðhaldi útsvæða eður því sem unnt er. Gert er ráð fyrir að öll bilastæði og útivistarsvæði verði með gegndrepu yfirborði til þess að hafa sem minnst áhrif á náttúrulegt vatnsflæði löðarinnar.



**NÝTT FANGELSI Á HÓLMSHEIÐI - REYKJAVÍK**

01 81523